

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Rannveig María Jóhannesdóttir - VG <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>  
**Sent:** föstudagur, 8. desember 2023 15:06  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Cc:** Sigurður Björn Reynisson - VG; Svanur G. Bjarnason - VG; María Dís Ásgeirsdóttir - VG  
**Subject:** Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu hluta Þingborgarvegar í Flóahrepp  
**Attachments:** Tilkynning um niðurfellingu héraðsvegar\_Bryndís Karlsdóttir (1).pdf; Tilkynning um niðurfellingu héraðsvega\_Játvarður Ingvarsson og Tinna Pétursdóttir.pdf

Góðan dag,

Meðfylgjandi bréf Vegagerðarinnar er sent í pósti bréfleiðis til viðtakand sem fram kemur í bréfhaus, en til annara er málið varðar er bréfið sent í tölvupósti, vinsamlega staðfestið móttöku.

Með bestu kveðju



### Rannveig María Jóhannesdóttir

Landfræðingur  
Tæknideild suðursvæðis

[rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is](mailto:rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is)  
[+354 522 1334](tel:+3545221334)  
[+354 695 3197](tel:+3546953197)

Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

Breiðumýri 2, 800 Selfossi  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)


### Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

### English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.

Játvarður Ingvarsson / Tinna Pétursdóttir  
Grænlandsleið 20  
113 Reykjavík




## Tilkynning um niðurfellingu hluta Þingborgarveggar (3118-01) í Flóahrepp.

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 16.10.2023 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella hluta Þingborgarveggar (3118-01) af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 13. nóvember sl.

Engar athugasemdir bárust innan tilgreinds frests.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að hluti Þingborgarveggar (3118-01) sbr. mynd 1, uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.



Mynd 1 skjáskot af Kortasjá Vg. og sýnir rauða línan mörk styttingar Þingborgarveggar (3118-01), (RMJ)

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is). Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.

Síða 1/2

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Gardabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin](https://www.instagram.com/vegagerdin)  
[@vegagerdin.is](https://www.facebook.com/vegagerdin)

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Afrit: Bryndís Karlsdóttir, Kt. 290768-4549, Þverholt 13, 270 Mosfellsbæ og floahreppur@floahreppur.is

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

-----  
Síða 2/2

-----  
Vegagerðin



**Bryndís Karlsdóttir**

Bverholt 13  
270 Mosfellsbæ

## Tilkynning um niðurfellingu hluta Þingborgarveggar (3118-01) í Flóahrepp.


Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 16.10.2023 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella hluta Þingborgarveggar (3118-01) af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 13. nóvember sl.

-----  
Síða 1/2

Engar athugasemdir bárust innan tilgreinds frests.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að hluti Þingborgarveggar (3118-01) sbr. mynd 1, uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.



Mynd 1 skjáskot af Kortasjá Vg. og sýnir rauða línan mörk styttingar Þingborgarveggar (3118-01), (RMJ)

-----  
**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og

leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is).  
Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Afrit: Játvarð Ingvarsson / Tinnu Pétursdóttur, Kt. 020884-2749 / kt. 111285-2259,  
Grænlandsleið 20, 113 Reykjavík og [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

-----  
Síða 2/2

-----  
Vegagerðin

**Jákvæðar Jónir ehf.**


Kt. 680206-1980

Skálaríma

803 Selfossi

Bt. Pétur Jónsson

Fjármála og kerfisráðgjafi

**Niðurfelling dregin til baka vegna fyrirhugaða niðurfellingu hluta Skálarímavegar (3030-01) í Flóahrepp.**

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 16.10.2023 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella hluta Skálarímavegar (3030-01) í Flóahrepp af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 13. nóvember sl.

Með tölvupósti dags 23.11.2023 bárust athugasemdir frá Pétri Jónssyni, fjármála og kerfisráðgjafa hjá Jákvæðum Jónum ehf. að félagið Jákvæðar Jónir er með lögheimili að Skálaríma L201304 sem er lögheimili við enda Skálarímavegar (3030-01), og fylgdi með Vottorð frá Skattinum.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að hluta Skálarímavegar (3030-01) í Flóahrepp uppfyllir skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því ekki felldur út af vegaskrá.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið; floahreppur@floahreppur.is

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Rannveig María Jóhannesdóttir

Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Síða 1/1

Vegagerðin  
Suðurlhraun 3  
210 Gardabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

## Minnisblað - rafræn langtímavarsla skjala á héraðsskjalasöfnum

Á haustráðstefnu héraðsskjalavarða á Íslandi í byrjun október, var haldin málstofa um rafræn skil á opinberum skjölum, stöðu þeirra mála hér á landi og hlutverk og stöðu héraðsskjalasafna gagnvart verkefnum. Í kjölfar málstofunnar var mótuð sameiginleg viljayfirlýsing um samstarf héraðsskjalasafnanna um móttöku rafræna gagna og að til verði eitt móttökuver sem skjalasöfnin nýti sér í sameiningu, undir forræði og í umboði héraðsskjalasafnanna.

Vert er að hafa í huga þróun mála í Danmörku í þessum efnum, en þar var horfið frá því að halda úti einu móttökuveri fyrir ríki og sveitarfélög. Þar er nú talið þjóna betur hagsmunum ríkis og sveitarfélaga, með tilliti til aðgengis íbúa að skjölum og kostnaði, að hafa fleiri en eitt móttökuver.

Stafræn vegferð héraðsskjalasafna hófst fyrir meira en áratug með öflugri stafrænni miðlun safnkosts, þannig að stafrænar endurgerðir á vegum héraðsskjalasafnanna sem aðgengilegar eru almenningi hlaupa á milljónum. Í ljósi þessa er þetta skref bæði eðlilegt og tímabært.

Með tilliti til stafrænnar umbreytingar sveitarfélaga, mikilvægs þáttar fjórðu iðnbyltingarinnar, er aðkallandi að framfylgja þessu af fagmennsku og festu. Um leið er mikilvert að tryggja að kostnaði sé haldið innan eðlilegra marka og leitað verði hagkvæmustu lausna. Starfsmenn héraðsskjalasafna á Íslandi hafa á undanförunum árum fylgst með þróun þessara mála af athygli og búa yfir þekkingu til þess að takast á við þær áskoranir sem um ræðir, auk þess að hafa yfirgripsmikla þekkingu á innviðum skjalavörslu sveitarfélaganna. Af því leiðir að héraðsskjalasöfnin eru betur í stakk búin en aðrir til þess að meta framkvæmd og kostnað við rafræna skjalavörslu á sveitarstjórnarstigi.

Með öflugri samstarfi héraðsskjalasafnanna nýtast kraftar starfsmanna þeirra vel, afköstin hámarkast, eins og vera ber.

Kostnaðargreining héraðsskjalasafnanna frá 2020 leiðir í ljós að um 40% ódýrara er fyrir héraðsskjalasöfnin að vinna þetta verkefni sameiginlega í samstarfi við NEA (Netværk for Elektronisk Arkivering) sem er stofnun danskra sveitarfélaga um rafræn skjalaskil en þegar horft er til þeirra talna sem fram hafa komið t.d. í skýrslu um skrifstofuhugbúnaðarumhverfi sveitarfélaga.

Leitað hefur verið eftir samstarfi við NEA og haldnir hafa verið nokkrir fundir með forsvarsmönnum NEA. Í samræmi við hlutverk héraðsskjalasafna að lögum og yfirgripsmikla þekkingu meðal starfsmanna þeirra eru forsendur þeirra til framkvæmdarinnar óumdeilanlegar. Verkferlar liggja fyrir hjá héraðsskjalasöfnum jafnt hvað varðar yfirlit yfir kerfi, tilkynningu þeirra, yfirferð og móttöku gagna úr kerfum.

Frumherjaverkefni (pilot projekt) hefur þegar tekist með ágætum hjá Borgarskjalasafni og fjöldi tilkynninga um rafræn kerfi til héraðsskjalasafnanna er væntanlegur er líða tekur á veturinn og öll héraðsskjalasöfnin hafa nú aðgengi að sérstökum aðgerðapakka til þess að framfylgja því. Stafræn þróun héraðsskjalasafna verður hraðari með samnýtingu krafta,

kostnaður sveitarfélaga lægri, miðlæg þekking, betri þjónusta við íbúa. Forstöðumenn margra héraðsskjalasafna hafa á undanförunum misserum átt í viðræðum við hugbúnaðarframleiðendur og forstöðumenn hjá sveitarfélögum vegna fyrirhugaðra rafrænna skila.

Út frá byggðasjónarmiði, lagaákvæðum og samfelli í þjónustu er mikilvægt að tryggja að varðveisla og aðgengi sé tryggt í héraði. Óráðlegt er talið að framkvæmd þessara mála verði falin Þjóðskjalasafni Íslands og þar sem héraðsskjalasöfn eru starfrækt er óheimilt að fela Þjóðskjalasafninu þessa framkvæmd. Þar sem ekki eru starfrækt héraðsskjalasöfn er í raun hagkvæmt að stofnað verði héraðsskjalasafn.

Akranesi, 14. nóvember 2022.

Birna Mjöll Sigurðardóttir, Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.  
Björk Hólm Þorsteinsdóttir, Héraðsskjalasafni Svarfdæla, Dalvík.  
Erla Dís Sigurjónsdóttir, Héraðsskjalasafni Akraness.  
Eyrún Helga Ævarsdóttir, Héraðsskjalasafni Austur-Skaftfellinga, Höfn í Hornafirði.  
Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Héraðsskjalasafninu Ísafirði.  
Hrafn Sveinbjarnarson, Héraðsskjalasafni Kópavogs.  
Heiðbrá Ólafsdóttir, Héraðsskjalasafni Rangæinga og Austur-Skaftfellinga, Skógum.  
Hrefna Valdís Guðmundsdóttir, Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja.  
Hrönn Hafþórsdóttir, Héraðsskjalasafni Fjallabyggðar, Siglufirði.  
Jóhanna Skúladóttir, Héraðsskjalasafni Borgfirðinga, Borgarnesi.  
Snorri G. Sigurðsson, Héraðsskjalasafni Þingeyinga, Húsavík.  
Sólveig H. Benjamínsdóttir, Héraðsskjalasafni Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.  
Lára Ágústa Ólafsdóttir, Héraðsskjalasafnið á Akureyri.  
Sólborg Una Pálsdóttir, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Sauðárkróki.  
Stefán Bogi Sveinsson, Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Egilsstöðum.  
Svanhildur Bogadóttir, Borgarskjalasafni Reykjavíkur.  
Svala Runólfsdóttir, Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósi.  
Valdís Einarsdóttir, Héraðsskjalasafni Dalasýslu, Búðardal.  
Þorsteinn Tryggvi Másson, Héraðsskjalasafni Árnessýslu, Selfossi.



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Ingibjörg Hinriksdóttir <ingibjorg.hinriksdottir@samband.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 12. desember 2023 14:56  
**To:** Ingibjörg Hinriksdóttir  
**Subject:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi)  
**Attachments:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi).pdf

Góðan dag,

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum vekja athygli framkvæmdastjóra sveitarfélaga á umsögn SSKS um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), mál 48/2023 í Samráðsgátt stjórnvalda sem er meðfylgjandi bréfi þessu.

Fyrir hönd SSKS.



**Ingibjörg Hinriksdóttir**  
tækni- og upplýsingafulltrúi / þjónustusvið  
Beint innval: 515 4940  
Netfang: [ingibjorg.hinriksdottir@samband.is](mailto:ingibjorg.hinriksdottir@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2023

2105001SK IH  
Málalykill: 61.10

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), 348. mál**

Vísað er til frumvarps á 154. löggjafarþingi, mál nr. 348 – þingskjal nr. 355, þar sem lagðar eru fram breytingar á raforkulögum nr. 65/2003. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fagna þessu frumvarpi og telja það afar mikilvægt í ljósi stöðunnar á raforkumarkaði.

Ábendingar vegna þessa frumvarps:

1. Afar mikilvægt er að almenningi á Íslandi, sveitarfélögum og smærri fyrirtækjum sé tryggður forgangur að raforku til notkunar.
2. Í dag fer um 83% af raforku á Íslandi sem framleidd er til stóriðju og gagnavera og slíkrar starfsemi. Um 17 % fer til annarra nota þar á meðal til almennings, sveitarfélaga og minni fyrirtækja. Í frumvarpinu segir að Orkustofnun geti fylgt eftir markmiðum frumvarpsins ef þörf er á sem er afar mikilvægt. Jafnframt er mikilvægt að í framtíðinni séu lög og reglur með þeim hætti að almenningi á Íslandi sé tryggður forgangur að raforku og eins og áður hefur verið nefnt.
3. Í dag er lítil neytendavernd á Íslandi í lögum varðandi raforku, þannig að upp getur komið sú staða að enga raforku er að fá, þar sem búið er að selja raforkuna til þeirra aðila sem hæst bjóða á markaði hverju sinni. Sú staða er óboðleg fyrir almenning á Íslandi, sveitarfélög og minni fyrirtæki og við því þarf Alþingi að bregðast.
4. Mikilvægt er að bæta inn í frumvarpið ákvæði um tryggt rafmagn til sveitarfélaga til að tryggja grunnþjónustu, þá sérstaklega til þeirra sem búa á köldum svæðum. Til upprifjunar þá eru um 10% heimila á Íslandi á köldum svæðum, þau þurfa að nota raforku til kyndingar og það væri ekki góð staða ef upp kæmi að búið væri að selja alla raforku til stórnotenda og heimilin á þessum svæðum fengju enga raforku til húshitunar.
5. Mikilvægt er að tryggja það að þeir aðilar sem framleiða raforku í dag geti ekki selt alla sína raforku hæstbjóðendum þannig að ekkert verði eftir fyrir almenning á Íslandi. Þess vegna er frumvarpið afar mikilvægt.
6. Í þessu sambandi er gott að skoða aðeins aftur í tímann og minna okkur á upphafið þegar farið var að virkja fallvötnin á Íslandi. Hver var tilgangurinn? Jú að heimili á Íslandi gætu notið þeirra auðlindar sem í vatninu var og síðar kom til jarðvarminn. Allt til þess að auka hagsæld

almennings í landinu. Þetta er mjög mikilvægt ekki síst í ljósi þess að flest þeirra fyrirtækja sem eru að framleiða raforku í dag eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga.

7. Ljóst er að sú staða sem upp er komin, að ekki er næg raforka fyrir alla sem vilja og í raun má segja að það sé raforkuskortur á Íslandi, kallar á aðgerðir, aðgerðir sem felast í því að farið verði strax í að afla meiri raforku hér á landi.
8. Mikilvægt er í þessu öllu að átta sig á hver staðan er í dag varðandi raforkusölu og hvað þarf að gera til að bregðast við því. Það er afar óeðlilegt að við séum að brenna jarðefnaeldsneyti á sama tíma og við gætum verið að virkja til að þurfa þess ekki. Jafnframt er okkur að fjölga sem þjóð og við þurfum þess vegna meiri raforku þegar fram líða stundir. Ef við ætlum svo að fjölga atvinnutækifærum hér á landi þá þurfum við einnig meiri raforku. Þess vegna þurfum við að skoða hvað við viljum gera í þessum efnum og þegar við erum komin með niðurstöður í því þá þarf að finna leiðir til að ná þeim markmiðum, kyrrstaða í þessum efnum er ekki í boði.
9. Orkuskiptin eru stórmál hjá okkur Íslendingum og til að þau gangi eftir með þeim hætti sem boðað er þarf að afla meiri raforku og það gerum við ekki án þess að virkja meira ef við ætlum jafnframt að byggja upp atvinnuvegi landsins.

Það er full ljóst að Alþingi verður að koma hér að málum og tryggja að allur almenningur á Íslandi, sveitarfélög og smærri fyrirtæki fái þá raforku sem þarf til að heimilin í landinu verði ekki raforkulaus með þeim alvarlegu afleiðingum sem það myndi valda. Að Orkustofnun geti gripið inn í er því afar brýnt þannig að forgangurinn sé alveg skýr þegar kemur að því að forgangsraða hverjir fái forgang að raforku.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum er tilbúin að gera nánari grein fyrir umsögn sinni og mæta til fundar telji atvinnuveganefnd þörf á slíku.

#### Virðingarfyllst

#### Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum


Íris Róbertsdóttir,  
Vestmannaeyjum

Jón Páll Hreinsson,  
Bolungarvíkurkaupstað

Katrín Sigurjónsdóttir,  
Norðurþingi

Björn Ingimarsson,  
Múlaþingi

Kristinn Jónasson,  
Snæfellsbæ



13.12.2023

## Fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga

Hér kemur fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vegna kynningu á tillögum starfshóps um vindorku:

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fékk í dag kynningu á tillögum starfshóps um vindorku sem síðar um voru kynntar á blaðamannafundi. Tillögurnar voru unnar fyrir tilstilli Guðlaugs Þórs Þórðarsonar Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og var markmið starfshópsins að koma með tillögur að umgjörð á uppbyggingu vinorkunýtingar á Íslandi, þar sem litið yrði til áherslu um að slík orkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt yrði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Þá var lögð áhersla á að vinna starfshópsins myndi leiða til þess að breið sátt geti ríkt um uppbyggingu vindorkuvera.*

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hefur fundað með starfshópnum á meðan vinnunni stóð og komið á framfæri þeim álitamáli er tengjast uppbyggingu vindorku á Íslandi meðal annars er snúa að skipulagsvaldi sveitarfélaga, skilgreiningu nærumhverfis, álitamál er varða tekjur nærsamfélagsins af virkjanakosti af þessu tagi og mörgum fleiri álitamálum. Stjórn vill þakka starfshópnum sem og ráðherra fyrir gott samstarf, opið og gott samtal sem mun halda áfram þar til Alþingi afgreiðir málið.*

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga mun taka málið fyrir og veita umsögn þegar það kemur í heild sinni í samráðsgátt stjórnvalda en vill koma því á framfæri að við teljum að með þessum tillögum sé sannarlega verið að stuðla að sátt um uppbyggingu vindorkunýtingar. Starfshópurinn hefur náð vel utan um álitamálin er varða uppbyggingu vindorkunýtingar svo sem hvort slík verkefni eigi heima innan eða utan ramma, leggja til að virt sé skipulagshlutverk sveitarfélaga, horft er til umhverfis og náttúruverndarsjónarmiða svo sem með útilokun svæða, ávarpað leiðir til forgangsröðunar uppbyggingu og fleira.*

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga telur að almenn umræða um vindorkunýtingu hafi þroskast og að fyrirsjáanlegt sé að hægt verði að vinna málið til enda svo um það ríki almenn sátt.*

Fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Ása Valdís Árnadóttir, formaður

Netfang formanns [oddviti@gogg.is](mailto:oddviti@gogg.is)

Heimasíða Samtaka orkusveitarfélaga: [www.orkusveitarfelog.is](http://www.orkusveitarfelog.is)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 3. janúar 2024 10:43  
**Subject:** Til umsagnar 27. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

3. janúar 2024

Frá nefnda- og greiningarsvið Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði), 27. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 17. janúar nk.** á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is).  
Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls. Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni <https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Halldóra Viðarsdóttir**  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið  
☎563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.  
Fyrirvari/Disclaimer*

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.  
Fyrirvari/Disclaimer*